

Jóladagatal Flatar 2020

1. desember

Hve margir eru þríhyrningarnir?



2. desember




Stella býr á milli Maju og Marek.
Marek býr í húsi hægra megin frá Maju.
Maja býr í húsi vinstra megin frá Stellu.
Finnur býr á milli Lenu og Marek.
Lena býr í húsinu númer 5.
Í hvaða húsum búa börnin?

3. desember

Ásta, Björn og Karen eru samtals 34 ára. Ásta er 3 árum eldri en Björn og Björn er 5 árum eldri en Karen. Hve gömul eru börnin?

4. desember

Raðaðu tölunum 3, 5, 6, 8 og 9 í reitina svo að þú fáið sömu summu þegar þú leggur saman tölurnar lárétt og lóðrétt



5. desember

Einu sinni voru þrjár brúna kanínur. Þær voru mjög svangar og átu af 12 þriggja blaða smárum á stóru engi. Fyrsta kanínin át 9 lauf. Önnur kanínin át 10 lauf. En þriðja kanínin skildi 1 lauf eftir af 5 smárum sem hún át af. Hve mörg lauf voru þá eftir?

6. desember

Grýla sendir Gáttaþef niður í kjallara að sækja jólakúlur fyrir jólatré. Þegar hann kemur í kjallarann tekur hann eftir því að Leppalúði hefur enn ekki lagað ljósið svo í kjallaranum er kolsvarta myrkur.

Í myrkrinu sér hann ekki litinn á jólakúlunum. Hann veit hins vegar að 11 kúlur í skápnum eru rauðar, fimm bláar og tvær silfurlitaðar. Hann gengur varlega að skápnum. Hversu margar kúlur þarf hann að minnsta kosti að taka með sér upp, svo hann komi örugglega með þrjár rauðar kúlur?

7. desember

Maður og tveir synir hans þurfa að komast yfir á með bát. Maðurinn er 100 kg og synir hans eru 50 kg hvor. Báturinn getur aðeins borið 100 kg. Hvernig komast þeir yfir ána?

8. desember

Ella ætlar að föndra næstu stjörnu í röðina. Hversu margar perlur þarf hún?



9. desember

Katrín er að fara á skauta. Hún á þrjá miða og ætlar að bjóða Söru og Unni með sér. Þær ákveða að hittast á skautasvellinu. Þegar Katrín kemur að innganginum er röð, og Sara og Unnur eru í röðinni. Sara er nákvæmlega í miðjunni og Unnur er næst síðust í röðinni. Á milli þeirra eru 6 manns. Hvað bíða margir í röðinni?

10. desember

Þríhyrningslaga jólagarður hefur hliðarlengdirnar 20 m, 20 m og 30 m. Hve marga staura þarf í girðingu umhverfis garðinn ef hafðir eru 5 m á milli staura?

11. desember

Töfrasexyrningur
Setjið tölurnar 1 - 7 í hringina á hornunum þannig að talan sem er inn í hverjum þríhyrningi jafngildi summa talnanna á hornum hans.



12. desember

Jólasveinninn heldur smá jólaboð í dag og hann býður álfum, englum og dvergum. Hversu margir álfar, englar og dvergar komu í jólaboð?

Án dverga hefðu aðeins 18 gestir komið.

Án álfanna hefðu aðeins 12 gestir komið.

Án englanna hefðu aðeins 10 gestir komið.

Hversu margir álfar, englar og dvergar voru í jólaboðinu?

13. desember

Taktu 5 eldspýtur í burtu þannig að þrjár ferningar myndist.



14. desember

Kertasníkir á 200 rauð og hvít kerti. 99% kertanna er rauð. Hann ætla að nota rauð kerti þangað til hlutfall rauðra kerta er komið niður í 99%.

Hvað þarf hann að kveikja á mörgum rauðum kertum?

15. desember

$$\begin{aligned} \text{🌲} + \text{🌲} + \text{🌲} &= 30 \\ \text{🌲} + \text{🌟} + \text{🌟} &= 26 \\ \text{🌟} + \text{🕯️} + \text{🕯️} &= 18 \\ \text{🕯️} + \text{🌟} \times \text{🌲} &= ? \end{aligned}$$

16. desember

Þegar stóra systir mín flutti út á land til að fara í framhaldsnám eyddi hún miklum tíma í að pakka niður. Auk þess að þurfa að pakka fötum, nokkrum búsaðhöldum og fjölskyldumyndum varð hún að taka með sér stafla af bókum. Hún setti helminginn af bókunum í einn stóran kassa, 1/4 af bókunum í annan kassa, 8 bækur setti hún í aftursætið í bílnum og síðustu 5 bækurnar setti hún í framsætið. Hve margar bækur tók hún með sér í skólann?

17. desember

Skari jólasveinn þurfti að grafa 24 metra skurð ásamt tveimur öðrum jólasveinum. Þeir þurftu að nota skóflur, þar sem ekki var hægt að koma vélum að staðnum þar sem skurðurinn lá. Miðað við þann jafnaðarhraða sem þeir grófu á, reiknaðist þeim til að það tæki þrjú daga að ljúka við verkið. Eftir fyrsta daginn fékk einn mannanna í bakið og þurfti að hætta. Hvenær má ætla að verkinu ljúki eftir þessa breytingu ef afköst þeirra eru þau sömu?


18. desember

Gengur talan þrjár upp í ellefu þúsund ellefu hundruð og ellefu?

19. desember

Ef jólasveinninn ýtir stiganum einum metra nær veggnum þá nær hann einum meter hærra.

Er þetta alltaf satt, stundum eða aldrei?



20. desember

Þvörusleikir fékk tvær hvítar mýs í afmælisgjöf. Hann skýrði þær í höfuðið á sjálfum sér og vini sínum, Stúf. Fljótlega komst Þvörusleikir að því að hann hafði gert mistök. Hann þurfti nefnilega að breyta nafninu á Stúf í Stínu, þar sem hún eignaðist fljótlega 8 unga, þ.e. 4 karlmýs og 4 kvenmýs. Þegar það gerðist fór hann og ráðfærði sig við mömmu sína Grýlu. „Það er ekkert mál að hafa 10 mýs, er það?“ spurði hann mömmu sína. „Nei, en þessar sætu mýs geta orðið óléttar 6 vikna gamlar og eignast sætu 3 vikum seinna. Ef hver kvenmýs verður ólétt einu sinni og fæðir 8 unga, 4 karlmýs og 4 kvenmýs, hvað áttu þá margar mýs eftir 18 vikur frá deginum í dag?“ Hvert var svarið?

21. desember

Aron og Axel fæddust báðir á jóladag. Þegar Aron var 6 ára gamall var Axel helmingi yngri. Þegar Aron verður 100 ára gamall hversu gamall verður Axel þá?

22. desember

Í höfninni lá skip. Frá borðstokknum hékk stigi niður að vatnsyfirborðinu. Það voru 28 þrep í stiganum og 25 cm á milli þeirra. Einn daginn hækkaði vatnsyfirborðið um 4 metra. Hve mörg þrep voru þá niður að vatnsyfirborðinu frá borðstokknum?

23. desember

Skriðu niður tölurnar 1 – 9 (báðar með) í eina línu með nokkru millibili. Settu tvo + (samlagningarmerki) og tvo – (frádráttarmerki) í viðeigandi bil, þannig að þegar þú leggur saman og dregur frá samkvæmt þeim verði útkoman 100.

24. desember

Dragið fjórar beinar, samhangandi línur þannig að þær fari í gegnum alla punktana á myndinni. Það má ekki taka blý-antinn upp.

